

Sighvatur Bjarnason

fyrv. bankastjóri.

Fæddur 25. janúar 1859. Dáinn 30. ágúst 1929.

Um fótaferðatíma á föstudag fóru að koma upp flögg í hálfu stöng hjer um bæinn. Er fram á morguninn kom var auðsjeð, að andlát hafði borið að höndum, er snerti marga bæjarbúa. Fánar voru upp dregnir á opinberum byggingum, svo sem stjórnarráðinu o. fl.

Sighvatur Bjarnason fyrverandi bankastjóri var dáinn.

Á fimtudag bar ekki á því, að hann kendi sjer meins. Gekk hann um úti við og hafði tal af mörgum mönnum, eins og hann átti vanda til — því margir áttu jafnan við hann erindi, enda þótt hann hefði látið af mörgum þeim störfum, er hann gegndi, meðan heilsa og kraftar voru óskertir. Um kvöldið mun hann hafa hugsað sjer fyrir næsta dagsverki.

En hinn langi vinnudagur hans var á enda. Hann dó í svefni snemma á föstudag.

Æfisaða Sighvats Bjarnasonar er lesendum þessa blaðs kunn í öllum aðalatriðum — einkum þeim, er alið hafa aldur sinn hjer í bænum. Í Reykjavík var hann fæddur þ. 25. janúar 1859, og Reykjavík var verustaður hans alla æfi; í Reykjavík var hann sín bernsku- og uppvaxtarár, kom fátækur 15 ára á landshöfðingjaskrifstofuna og fjeck þá þegar traust samverka manna sinna, er ætíð fylgdi honum síðan.


Er Landsbankinn var stofnaður 1886, varð hann bankabókari þar. Hafði hann það starf á hendi uns Íslandsbanki var stofnaður 1904. Bankastjóri var hann í Íslandsbanka þangað til 1921, að hann veiktist mjög þungt, og töldu læknar, að hann þyldi eigi þá áreynslu, að taka við bankastjórastarfinu aftur.

Um það leyti sem Íslandsbanki var stofnaður, hófst sem kunnugt er, nýtt tímabil í sögu atvinnuvega vorra. Voru miklar vonir við þá bankastofnum tengdar meðal þeirra manna, er höfðu trú á því, að atvinnuvegir vorir væru þess megnugir að ávaxta aðfengið fje og það væri þjóð vorri til góðs, að hún fengi rekstursfje milli handa.

Að Sighvatur Bjarnason var til þess kjörinn að vera bankastjóri í hinum nýja banka, sýnir best, hve mikið traust var til hans borið, og í hve miklum metum hann var.

Í þau 16 ár, sem hann vann í þeim banka, er óhætt að fullyrða, að á hans herðum hafi legið mest af því daglega erfiði, er þurfti til þess að annast stjórn bankans. Enda afkastaði hann á þeim árum margfalt meiri vinnu en alment gerist.

Því bankastjórnin var ekki þáð einasta, sem hann hafði með höndum. Eins og til hans var leitað, til þess að annast stjórn hins nýja banka 1904, eins var og á hann



kallað til ótal starfa annara. Hann var í bæjarstjórn, í niðurfjöfnunarnefnd, og í stjórn fjölmargra fjelaga, er oflangt yrði hjer upp að telja, m. a. hjúkrunarfjel. Lúkn, Styrktar- og sjúkrasjóðs verslunarmanna, í stjórn heilsuhælisfjelagsins, er gekst fyrir stofnum Vífilstaðahælisins, í stjórn Ekknasjóðs Reykjavíkur o. fl. o. fl.

Hann var einn af fimm stofnum Oddfellowreglunnar hjer árið 1897, ásamt Birni Jónssyni ritstjóra. Var Oddfellowreglan hon um mjög kær, og öll þau störf, er hún hefir unnið til almennings heilla.

Hjer verður eigi reynt að koma tölu á öll þau mörgu fjelög og stofnanir, er hann hafði afskifti af og helgaði krafta sína. En það er sennilegt, að enginn maður hjerlendur hafi samtímis starfað í jafn mörgum og margvíslegum fjelögum eins og Sighvatur heitinn.

Hjer hefir aðallega verið minst á þau fjelög, er starfa sem líknar- og góðgerðafjelög. Var slík starfsemi öll honum mjög hjartfölgin. En þá eru ótalin þau atvinnufyrirtæki, stór og smá, sem hann var við riðinn, svo sem h.f. Völund á sínum tíma, fiskiveiðafjel. Ísland o. fl. o. fl.

Í stjórn Verslunarskólans var hann einnig, og vann að efling hans á fyrstu árum þeirrar stofnunar. Og er hjer aðeins skamt komið þeirri upptalningu, sem þyrfti, til að fá nokkurt yfirlit yfir hið fjölbreytta og margþætta starf, sem eftir þennan sívinnandi atorkumann liggur.

Hvað var það þá, sem einkendi þennan mann, sem fyrst og fremst varð til þess, að fátæka piltinum úr Hlíðarhúsum var falin hver trúnaðarstaðan annari meiri. og ein hin vandastasta, bankastjórnin 1904? Hvers vegna var eftir því sótt um áratugi hjer í Reykjavík, að fá hann í stjórn fjelaga, eða sem endurskoðanda og umsjónarmann fyrirtækja? Eftir hinn langa starfsdag hans eru fjölmörgum svörin kunn.

Frábær samvirksemi, reglusemi og árvekni einkendi manninn alla hans daga. Hann lifði til þess að gera öðrum gagn, vann til þess að vinna fyrir aðra — og þá fyrst og fremst fyrir bæjar- og þjóðfjelagið. Hvert hlutverk, sem

hann tókst á hendur, varð honum hjartfölgandi — smátt sem stórt. Hann bókstaflega sinti aldrei um það, hve hart hann þurfti að ganga að sjer, til þess að afkasta dagsverkinu, meðan heilsa og kraftar entust.

Samfara þessum eiginleikum hans var hann maður vinfastur með afbrigðum. Hver sá, sem á annað borð eignaðist vináttu hans, gat vitað, að hann átti þar ávalt að mæta ástúð og umhyggju. — Kann sá, er þetta ritar vel um það að dæma.

Sighvatur Bjarnason hafði sjeð mikil umskifti í Reykjavíkurbæ — hann hafði fylgt framþróuninni hjer og efnalegum framförum bæjarins flestum öðrum fremur. Á síðari árum, er hann smátt og smátt var að losa sig við ýms trúnaðarstörf, fann hann oft mjög til þess, að samfara hinum efnislegu framförum, höfðu hjer orðið allmiklar umbreytingar frá því sem áður var á hugsunarhætti og starfsháttum manna, er eigi voru til bóta. — Honum fanst singirnir manna vera að vaxa hjer öllu yfir höfuð, en áhugi fyrir almenningsheill lúta í lægra haldi.

Þetta var eðlilegt. Hann hafði sjálfur bygt líf sitt og tilveru á umönnun fyrir annara hag. Hann hafði blátt áfram oft gleymt sjálfum sjer fyrir áhuga á almenningsheill. Þessi var einn meginþáttur í fari hans.

Vegna þess er æfisaða Sighvats Bjarnasonar tilvalin leiðbeining fyrir unga menn, sem áfram vilja og gagn gera, en í upphafi standa einumana, með tver hendur tómar. Huggun hefði það mátt vera honum á efri árum hans, hve dæmi hans og lífsferill er fagur til eftirbreytni hinna upprennandi kynslóð.

Þann 29. okt. 1886 giftist Sighvatur Ágústu Sigfúsdóttur (Jónssonar frá Undirfelli). Þeim varð níu barna auðið. Tvö dóu ung. Tver dætur mistu þau fullorðnar, Þorbjörgu, er gift var Magnúsi Þjeturssyni bæjarlækni, og Jakobínu, er gift var Georg Gíslasyni kaupm. í Vestmannaeyjum. Á lífi eru: Emma, gift Jóni Kristjánssyni lækni, Bjarni kaupmaður, Sigriður Trybom í Stokkhólmi, Ásta, kenslukona á Blönduósi, og Sigfús, er tekur við váttryggingarumboði því, er faðir hans hefir haft.

Fiskaflinn

á öllu landinu 15. ágúst var orðinn meiri en nokkru sinni áður.

Samkv. skýrslu Fiskifjelagsins var fiskaflinn á öllu landinu 15. ágúst orðinn samtals 357,483 skipund. Í fyrra var hann á sama tíma 334,457 skpd. Afllinn í fyrra á skipum Hafnarfjarðar og Reykjavíkur var 162,533 skpd., en í fyrra á hinum sömu stöðum 169,581 skpd. Togarar veiddu 127,744 skpd. í fyrra, en í ár 105,266 skpd. Hafa önnur skip en togarar í Rvík og Hafnarfirði þannig veitt í ár 64,315 skpd., en í fyrra ekki nema 34,789.

Á austurvegum.

Eftir Magnús Magnússon.

Til Fljótshlíðar.

Þegar yfir Þjórsá kemur taka við Holtin austur að ytri Rangá. Er þar landslag fremur ljótt, en fjallasýn er þaðan mikil og margar jarðir munu vera þar allgóðar.

Er austur yfir ytri Rangá kemur taka Rangárvellir við austur að eystri Rangá. Er þar víða mjög fagurt, fjallasýn mikil, en sljettlendi og grasi vaxnar grundir og móar, þar sem sandurinn hefir ekki unnið á, en ömurlegt er að sjá hina miklu landauð, sem orðið hefir í þessari fögru sveit af völdum sandfoksins, og enn vofir áframhaldandi eyðing yfir. Er sandauðin í Rangárvallasýslu jafnvel enn ömurlegri heldur en auðinmar í Skaftafellssýslu, vegna þess að eyðingin er þar sífellt að verki, eins og seigdrepani tæring, en í Skaftafellssýslu fer hún yfir eins og kólara með vissu millibili.

Á Rangárvöllum eru jarðir margar góðar, enda bændur miklir, en ekki er þar nú jafn viðburðaríkt og þá er Njála gerðist. Hefir verið hjart yfir Rangárvöllum í tíð þeirra Oddaverja, og þó einkum Jóns Loftssónar, sem sennilega hefir verið mestur höfðingi á Íslandi að fornu og nýju, fyrir sakir vitsmuna, skapgerðar og mannkosta, enda átti hann til góðra að telja, sonarsonur Sæmundar fróða, en móðir hans konungsdóttir úr Noregi. Er og líka þess að minnst fyrir Rangvellina, að hjá Jóni Loftssyni ölst upp sá maðurinn, sem viðfrægastur hefir orðið allra Íslendinga, og er líklega sá eini, sem heimsfrægð hefir hlotið, en það er Snorri Sturluson. — Mun mjög í vafa mega draga, hvort Snorri hefði orðið sá ritsnillingur, sem hann varð, ef hann hefði alist upp hjá ójafnaðarmanninum föður sínum, Hvamm-Sturlu.

Oddi er all-langt neðan við veginn, svo að ekki höfðum vejr tækifæri til þess að koma þar við. —

Nokkru austar, norðanverðu vegarins, er Stórólfsvoll, þar sem þeir feðgar Stórólfr og Ormur bjuggu. Var Stórólfr sonur Ketils hægings, er nam lönd öll milli Þjórsár og Markarfljóts, en annar son Ketils var Hrafn, er fyrst sagði upp lög á Íslandi. Var hann fæddur á Hrafnstöttum. Stórólfsvoll er nú lækni-setur og býr þar Helgi læknir Jónasson frá Reynivelli, vel metinn læknir og vinsæll.

Sýnist það liggja í landi á Stórólfsþvoli, að þar búi sterkir menn, því að Helgi er afrendur að afl. Þóttu þeir sterkastir menn í skóla á sinni tíð Björn Sigurbjörns son, sem nú starfar við útibúið á Selfossi, Helgi læknir Ingvarsson á Vífilstöðum og Helgi Jónasson. Var það þó hald manna, að Helgi Jónasson væri þeirra sterkastur. — Var hann Inspector platearum og hafði staf mikinn og gildan í hendi; þótti ekki árennilegt að eiga náttstað undir vopni því, en Helgi fór vel með vald sitt og afl. — Sá ljóður mun

vera á ráði Helga, að hann er Timamaður, en vonandi eldist það af honum.

Skamt frá Stórólfsþvoli er sýslu mannssetur þeirra Rangveinga, Efri-Hvoll. Býr þar Björgvin sýslumaður Vigfússon. Þykir Rangveingum mikið til hans koma. — Á meðan Magnús Torfason var sýslumaður Rangveinga bjó hann Árbæ í Holtum

Var nú haldið inn í Fljótshlíðina. Er það mjög fögur sveit, vafin í grasi og mjög þjettbýl, verður hún því fegurri sem innar dregur, nær Þórsmörkinni. — Má vera, að það sje rjett hjá skýrendum Njálu, að Gunnar hafi ekki horfið aftur sökum þess, hve honum þótti Hlíðin fögur, heldur hafi hann ekki viljað vægja fyrir fjand mönnum sínum nje yfirgefa konuna hárprúðu, en enginn þarf þó að ætla, að Gunnari hafi verið með öllu sársaukalaust að yfirgefa þessa fögru sveit um lengri tíma, sem án efa hefir þó verið miklu fegurri en hún er nú.

Magnús Torfason slæst í hópinn.

Er komið var á veginn móts við Teig, var staðnæmst, því að svo hafði foringi fararinnar, Jón Kjartansson, ráð fyrir gert, að þar væri til taks Óskar Sæmundsson frá Garðsauka með hesta til þess að flytja oss yfir Þverá og Markarfljót austur að Seljalandi, og svo þaðan í bíl til Víkur. — Höfðum vjer haft fregnir af því, að þar biði einnig Magnús sýslumaður Torfason, og mundi hann ætla að verða samferða austur.

Gekk Jón Kjartansson heim að bænum, en við Árni stöldruðum við. Að vörmu spori sáum við hvar Jón kom aftur og í för með honum mikill maður vexti, nær sem tröll væri, albrynjaður gulum vaxfötum. — Fanst mjer mjög til um stærð og vænleika þessa manns, en Árni glotti við.

Er þeir komu nær, kendum við, að sá hinn mikli maður var forseti sameinaðs þings, Magnús sýslumaður Torfason. Gengum við nú til móts við þá og yptum húfum vorum, en sýslumaður tók hjartanlega í hönd vora og mintist við oss, eins og vjer værum hans bestu flokksmenn. Var hann ljúfur og lítillátur og mátti í engu marka á framkomu hans, að hann væri sjer meðvitandi þess, að vera mestur mannvirðingamaður á landi hjer. Er slík framkoma merki tíginna skapgerðar og stórmennum einum fær.

Kom nú Óskar með hestana, og voru þeir stærstu þeirra valdir undir Magnús og Árna, og sýndust þeir þó merhyssi ein lítill, er þeir voru stignir á bak, og virtist svo á svip þeirra, sem þeir undröðu sig yfir því, hvaða undrapungi hvíldi á þeim. — Var svo haldið af stað. Á milli Teigs og Seljalands er um tveggja tíma ferð, heldur hæg þó. Er þau árar einir og sandar, sem Þverá og Markarfljót hafa skapað. Er eyðingin geysilega mikil, sem þessi fljót hafa valdið, og heldur sífellt áfram. Nú er Þverá nær því vatnslaus, því að svo má heita, að hún falli öll í Markarfljót, en svo sögðu kunnugir menn, að þess mundi skamt